

Hafnarfjörður

Efni: Svar við fyrirspurn Þórðar Hugo Björnssonar varðandi samning um ádrátt

Frá: Sviðsstjóra fjármálasviðs

Málsnúmer: 2606261 – Fjárhags- og rekstraráætlun 2026

Dagsetning: 31. ágúst 2026

Fyrirspurn:

Óskað er eftir skriflegu svari um á hvaða grundvelli hvaða ákvörðunar, samnings, reglu, umboðs eða annarrar heimilar sú staða er til komin að Hafnarfjarðarhöfn (hafnarsjóður) eigi kröfu á Hafnarfjarðarbæ að fjárhæð 1.181.587.951 kr. þann 31. desember 2025, sbr. liðinn „Kröfur á tengda aðila“ og skýringu 16 í ársreikningi Hafnarfjarðarbæjar 2025. Óskast tilgreint hver tók ákvörðun um fyrirkomulagið, hvenær hún var tekin og hvar hún er skráð. Sé um ákvörðun hafnarstjórnar að ræða óskast vísað til fundar og dagsetningar. Sé ákvörðunin tekin á öðrum grundvelli óskast sá grundvöllur og sá aðili sem tók ákvörðunina tilgreindur.

Óskað er eftir afriti af öllum samningum, samkomulögum, ákvörðunum, reglum, umboðum eða öðrum skjölum sem gilda um þessa kröfu eða það fyrirkomulag sem hún byggist á og ákvarða réttindi og skyldur aðila.

Þar á meðal óskast upplýsingar um vexti eða önnur kjör, gjalddaga eða endurgreiðslufyrirkomulag, uppgreiðsluskilmála og hvort tryggingar, veð eða ábyrgðir standi að baki.


Sé ekkert slíkt skjal til óskast það staðfest skriflega.

Óska eftir skýringu á liði Langtímaskuldir ársreikningur 2025

Svar:

Á milli Hafnarfjarðarhafnar og Hafnarfjarðarbæjar er formlegur samningur um ádrátt til skamms tíma, eins árs í senn, nú að fjárhæð allt að kr. 1.200.000.000,-. Lánið ber almenna vexti óverðtryggðra lána eins og Seðlabanki Íslands birtir þá á hverjum tíma. Vextir reiknast sem dagvextir frá upphafi ádráttar og þar til lán er að fullu greitt. Vextir eru greiddir á 6 mánaða fresti, þ.e. 30. júní og 31. desember ár hvert. Samninginn ber að uppfæra ár hvert. Samningurinn er undirritaður af hafnarstjóra og bæjarstjóra.

Vextir óverðtryggðra lána eins og Seðlabanki Íslands birtir þá á hverjum tíma eru alltaf hærri en vextir á innlánum og því er það hagkvæmara fyrir hafnarsjóð að lána Hafnarfjarðarbæ fjármunina heldur en að hafa þá inn á innlánsreikningum.



Hafnarfjörður

Samningurinn getur talist liður í eðlilegri fjárstýringu hafnarsjóðs, sveitarfélagið telst traustur skuldari, á lánið eru greiddir markaðsvextir og fjármunirnir eru bundnir til skamms tíma samkvæmt ádráttarsamningi. Við þær aðstæður má líta svo á að tilgangurinn sé að ávaxta tímabundið lausafé hafnarinnar með hagstæðari hætti en ella, fremur en að fjármagna rekstur sveitarfélagsins. Þá ber einnig að hafa í huga að hafnarstjórn og hafnarstjóri bera ábyrgð á að gæta fjárhagslegra hagsmuna hafnarinnar og að tryggja eðlilega ávöxtun lausafjár eftir því sem aðstæður leyfa.

Langtímaskuldir Hafnarinnar samanstanda af Skuldum við lánastofnanir og Lífeyrisskuldbindingu.

Langtímaskuldin er óverðtryggt skuldabréf, með breytilegum vöxtum, nú 8,088%, gefið út af Lánasjóði sveitarfélaga. Lánið var tekið vegna uppgjors á lífeyrisskuldbindingu sveitarfélaga og stofnanna þeirra skv. samkomulagi við ríkið frá árinu 2016. Nú eru rúm 6 ár eftir af þessu láni.

Lífeyrisskuldbindingin er vegna eldir lífeyrissdeilda, svokallaðra B-deilda sem var lokað árið 1997. Þessar B-deildir eru með bakábyrgð sveitarfélaga og stofnanna þeirra og þar sem eignir þeirra duga ekki fyrir skuldbindingum þá þarf að bóka skuldbindinguna í ársreikningum sveitarfélaga og stofnanna þeirra auk þess sem greiddar eru samtímagreiðslur.

Á árinu 2025 voru greiðslur vegna skuldbindinganna hærri en hækkun skuldbindingarinnar og því lækkaði þessi skuldbinding á milli ára.

Minnisblað - 8. febrúar 2018

Lántaka Lánasjóður sveitarfélaga vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð

Málsnr. 1704532

Lánasjóður sveitarfélaga hefur tryggt fjármögnun á hagstæðum kjörum fyrir 1,5 milljarð króna en á eftir að ganga frá fjármögnun fyrir hluta að fyrirhugaðri lántöku eða um 600 milljónir króna. Fyrirhugað er að greiða af rekstri uppgjör Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna jafnvægisjóðs um 608 milljónir króna.

Lagt er til að gengið verði frá lántöku að fjárhæð 1.000.000.- kr. til 16 ára. Lánið er verðtryggt og ber 2,53% fasta vexti. Einnig er lagt til að gengið verði frá lántöku að fjárhæð 406 milljónir króna til 15 ára en lánið er óverðtryggt og uppgreiðanlegt á vaxtagjalddögum hvenær sem er á lánstímanum og ber 6 mánaða REIBOR millibankavexti auk 0,50% vaxtaálags, nú 5,15%.

Jafnframt er lagt til að Hafnarfjarðarkaupstaður samþykki að veita Hafnarfjarðarhöfn einfalda ábyrgð vegna lántöku vegna uppgjörs við Brú að fjárhæð 94 milljónir króna. Lánið er óverðtryggt til 15 ára en uppgreiðanlegt á vaxtagjalddögum hvenær sem er á lánstímanum og ber 6 mánaða REIBOR millibankavexti auk 0,50% vaxtaálags, nú 5,15%.

Loks er lagt til að Hafnarfjarðarkaupstaður gangi frá skammtímafjármögnun hjá Lánasjóði sveitarfélaga frá 14. til 28. febrúar, eða á meðan verið er að ganga frá endanlegri fjármögnun, fyrir allt að 600 milljónum króna á 4,75% óverðtrygðum vöxtum.

Þessi tafla sýnir uppgjörið fyrir Hafnarfjarðarkaupstað annars vegar og Hafnarfjarðarhöfn hins vegar.

Þús.kr.

Uppgjörið við Brú	Hafnarfjörður	Höfnin
Jafnvægisjóður	608.008	25.821
Lífeyrisaukasjóður	1.834.959	61.690
Varúðarsjóður	197.410	6.637
	2.640.378	94.148

Ens og fram kemur hér að framan er gert ráð fyrir að staðgreiða 608 milljónir króna vegna jafnvægisjóðs og taka 2.030 milljónir króna að láni fyrir Hafnarfjarðarkaupstað fyrir uppgjöri lífeyrisauka- og varúðarsjóðs. Gert er ráð fyrir að taka lán fyrir heildaruppgjöri Hafnarfjarðarhafnar eða 94 milljónir króna.

Hafnarfirði 5. febrúar 2018

Rósa Steingrímsdóttir

Sviðsstjóri fjármálasviðs

